

Mál nr. 33/1999

M eigandi bifreiðarinnar A

og

Vátryggingarfélagið V v/skilmála fjölskyldutryggingar v/reiðhjóls (B).

Árekstur bifreiðar og reiðhjóls á gatnamótum Álakvíslar og Straums þ. 24.8. 1998.

Gögn.

1. Málskot móttakið 12.2. 1999.
2. Lögregluskýrsla dags. 24.8 og 14.10. 1999.
3. Yfirlitsblað frá V dags. 30.9.1998 og bréf dags. 18.2.1999.
4. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr.799/1998.
5. Ljósmyndir.
6. Uppdráttur tjónþola dags. 24.8.1999.

Málsatvik.

A var ekið Álakvísl að Straum og varð umferðarslys þegar drengur sem hjólaði gangstétt við Straum til vesturs og A lentu í árekstri. M segist hafa ekið að Straumi og stöðvað við gatnamótin til að líta eftir umferð og þegar hann hafi litið til hægri hafi hann séð til ferða B koma frá hægri og í hægri hlið A. á töluverðum hraða. Hafi B síðan lent á hægri hlið A og hafi stýri B stungist í gegn um rúðu á hægri hurð A. Vitni segir að drengurinn á B hafi hjólað ásamt öðrum dreng austur gangstéttina við Álakvísl fremur greitt að því er vitnið segir. Vitnið segist ekki hafa séð neitt óeðlilegt við akstur A. Drengurinn, sem var á B er fæddur í maímánuði 1987. Framburður drengsins, sem ók B liggur ekki fyrir í málinu og ekkert eftir honum haft, en drengurinn var fluttur af vettvangi í sjúkrabifreið. M krefur V um bætur úr fjölskyldutryggingu, sem aðstandendur drengsins eru með hjá V. V hafnar bótaskyldu og bendir á, að um bótarétt fari eftir 88.gr. umfl. nr. 50/1987, en þar sé mælt fyrir um hlutlæga ábyrgð og óumdeilt sé, að slys drengsins á reiðhjólinu hafi orðið af völdum bifreiðar í notkun og telur V, að bótaréttur drengsins sé alger bæði hvað varðar slys og munatjón. V telur, að 3.mgr. 88.gr. eigi einungis við þegar ekki sé um slys að ræða og bótaréttur bíleiganda ráðist af því hvort bætur séu skertar skv. 2. mgr. 88.gr. umfl. V heldur því fram, að séu bætur til slasaðs ekki skertar vegna gáleysis sé ekki um að ræða bótarétt bíleiganda úr ábyrgðarlið fjölskyldutryggingar. Þá telur V hæpið, að um eigin sök geti verið að ræða í tilviki þessu, en ef hún yrði talin vera fyrir hendi þá næmi hún í hæsta lagi 1/3 sakar. Þá heldur V því fram, að sú lagastefna hafi verið mörkuð með setningu gildandi umferðarlaga, að draga úr vægi eigin sakar í líkamstjónum, en mat á eigin sök í munatjónum ætti að vera óbreytt. Máli sínu til stuðnings vísar V til eftirfarandi dóma Hæstaréttar. 1997 bls. 829; 1991 bls. 426 og 1953 bls. 175.

Álit.

Slys það sem hér um ræðir verður vegna notkunar bifreiðarinnar A. Jafnvel þó að bifreiðin hafi verið stöðvuð þegar óhappið varð, þá ber A samt ábyrgð sbr. 1. mgr. 88.gr. umfl. þar sem bifreiðin er í notkun í venjulegum akstri. Drengurinn, sem ók reiðhjólinu B á því bótarétt vegna líkamstjóns síns úr tryggingu A. Spurning er hins vegar hvort að drengurinn á rétt á því að fá tjón á reiðhjóli sínu bætt. Drengurinn sem slasaðist var 11 ára þegar slysið varð. Þrátt fyrir ungan aldur þykir hann hafa hagað akstri reiðhjólsins með þeim hætti, að ákvæði 3. mgr. 88.gr. umfl. eigi við í umræddu tilviki. Skv. 3. mgr. 88.gr. umfl. má lækka eða fella niður bætur fyrir tjón á munum ef sá sem fyrir tjóni varð var meðvaldur að því af ásetningi eða gáleysi. Talið er sannað, að A hafi verið kyrrstæð þegar áreksturinn varð auk þess, sem að drengurinn hjólar nánast inn í miðja bifreiðina. Þykir því rétt miðað við aðstæður, að tjón á A

bætist úr fjölskyldutryggingu þeirri, sem aðstandendur drengsins höfðu hjá V, en ekki þykja efni til, að reiðhjólíð verði bætt úr tryggingu A.

Niðurstaða.

A ber ábyrgð á líkamstjóni drengsins sbr. 1. mgr. 88.gr. umfl. Tjón á A bætist úr fjölskyldutryggingu aðstandenda drengsins. Tjón á reiðhjólí drengsins bætist ekki af A.

Reykjavík 9.3. 1999

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.